

FAGRÁÐ KAÞÓLSKU KIRKJUNNAR Á ÍSLANDI

INNKÖLLUN

Hinn 2. nóvember sl. kom út skýrsla rannsóknarnefndar kaþólsku kirkjunnar á Íslandi um viðbrögð og starfshætti kaþólsku kirkjunnar á Íslandi vegna ásakana um kynferðisbrot eða önnur ofbeldisbrot vígðra þjóna eða annarra starfsmanna kirkjunnar. Í kjölfar útkomu skýrslu rannsóknarnefndarinnar skipaði biskup kaþólsku kirkjunnar *fagráð kaþólsku kirkjunnar á Íslandi*. Hlutverk fagráðsins er m.a. að veita álit um bótarétt þolenda kynferðisofbeldis eða annars ofbeldis innan kaþólsku kirkjunnar á Íslandi.

Fagráð kaþólsku kirkjunnar á Íslandi er sett á fót að frumkvæði kirkjunnar sjálftrar án sérstakrar lagaskyldu þar að lútandi. Um fagráðið gilda því ekki sérlög (eins og t.d. voru sett af Alþingi um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn, lög nr. 26/2007, og um sanngirnissbætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum, lög nr. 47/2010). Fagráðið veitir kirkjunni álit sitt á þeim erindum sem berast og í framhaldinu mun kirkjan svara viðkomandi um hvort um bótaskyldan atburð sé að ræða og hvort greiddar verði bætur. Áliti fagráðs verður ekki skotið til annarrar nefndar.

Með birtingu á innköllun þessari er þeim, sem telja sig eiga kröfu eða vilja leggja fram kvörtun á hendur kaþólsku kirkjunni á Íslandi vegna hvers kyns ofbeldis eða misgjörða af hálfu kirkjunnar, hér með gefinn kostur á að lýsa þeim misgjörðum fyrir fagráði kirkjunnar og eftir atvikum gera kröfu vegna þessa. Í lýsingu á slíkum athæfum skal, eftir því sem við á hverju sinni, upplýsa um:

- 1) nafn, kennitölu og búsetu viðkomandi, 2) upplýsingar hvar unnt er að ná í viðkomandi, t.d. símanúmer og/eða netfang, 3) tengsl viðkomandi við kaþólsku kirkjuna á Íslandi á þeim tíma sem atburðir, sem byggt er á að séu bótaskyldir, áttu sér stað, 4) hvaða vígðu þjónar eða aðrir starfsmenn kaþólsku kirkjunnar á Íslandi voru gerendur í hinum bótaskylda atburði/atburðum eða ábendingu að öðru leyti sé ekki kunnugt um nafn viðkomandi, 5) tegund bótakröfu ef um kröfu er að ræða, 6) þau atvik og rök, sem eiga við um erindið/bótakröfuna, 7) lýsingu á eldri tilkynningum um atvik og/eða tilraunum viðkomandi til að fá áheyrn hjá kirkjunni eða starfsmönnum hennar og 8) gögn, sé þeim til að dreifa, sem viðkomandi

telur að leiði til þess að hann eigi bótarétt á hendur kaþólsku kirkjunni á Íslandi.

Gætt verður fyllsta trúnaðar og þagmælsku um allar kröfur og allar fyrirspurnir eða ábendingar sem berast fagráðinu.

Bent er á að eyðublað til að senda fagráði er að finna á heimasíðu kaþólsku kirkjunnar á Íslandi, www.catholica.is. Er eyðublaðið sett fram til að auðvelda fólki að gera kröfu eða koma sjónarmiðum á framfæri að öðru leyti. Ekki er þó skilyrði fyrir afgreiðslu erindis að slíkt eyðublað sé notað. Á heimasíðu kirkjunnar er einnig að finna frekari upplýsingar um hvernig skal fylla út eyðublaðið, sem og um fagráðið, hlutverk þess og málsmeðferð. Auk þess er að finna á síðunni svör við algengum spurningum er varða þetta ferli. Vakni spurningar að öðru leyti er aðilum bent á að senda fyrirspurn á fagráðið sem mun aðstoða eftir því sem frekast er kostur.

Frestur til að senda inn erindi er til og með 15. mars 2013. Stefnt er að því að fagráð ljúki sínum störfum með því að veita álit sitt í hverju og einu máli fyrir 1. júní 2013.

Erindi skulu send annað hvort rafrænt á netfang fagráðsins, fagradkk.is@fagradkk.is, eða í pósti á pósthólf fagráðs kaþólsku kirkjunnar á Íslandi 303, 121 Reykjavík.

Innköllun þessi er birt í Morgunblaðinu, Fréttablaðinu og á heimasíðu kaþólsku kirkjunnar á Íslandi.

Reykjavík, 8. janúar 2013,
fagráð kaþólsku kirkjunnar á Íslandi